



---

HVERAGERÐISBÆR

Stefna Hveragerðisbæjar í  
málefnum eldri borgara

2008-2012

## Inngangur

Hópur aldraðra er ekki einsleitur hópur heldur ólíkur, með mismunandi þarfir og væntingar. Öldruðum fer fjölgandi í Hveragerði sem leiðir til vaxandi þjónustubarfa og kallar á fjölbreyttari úrræði fyrir þennan hóp.

Þann 17. apríl 2007 var skipaður samráðshópur til að marka stefnu í málefnum aldraðra. Í hópnum sátu:

Unnur Þormóðsdóttir, formaður Félagsmálanefndar

Laufey Valdimarsdóttir, formaður Þjónustuhóps aldraðra

Ingibjörg Sigmundsdóttir, þjónustuhópur aldraðra

Auður Guðbrandsdóttir, formaður félags eldri borgara.

María Kristjánsdóttir, félagsmálstjóri sem var starfsmaður samráðshópsins.

Við gerð stefnumótunar var farið yfir þá þjónustu sem skal standa öldruðum til boða samkvæmt lögum sem og kortlögð sú þjónusta sem stendur öldruðum til boða í Hveragerði. Tekið var mið af könnun sem gerð var meðal aðildarfélaga eldri borgara um hvaða atriði þyrfti að setja í forgang í þjónustu við hópinn.

Markmið með þessari stefnumótun er að íbúum Hveragerðisbæjar sé ljóst hvaða framtíðarsýn bæjarfélagið hefur á málefnum aldraðra og hvað eigi að koma til framkvæmdar næstu árin.

## Íbúapróun í Hveragerði

Hveragerði er ungur og ört vaxandi bær sem hlaut kaupstaðarréttindi árið 1987. Uppbygging hefur verið mikil undanfarin ár. Í fréttum Hagstofunnar nr. 167/2005 kom fram að á árinu 2004 hafi fólksfjölgun í Hveragerði verið ívið meiri en annars staðar á landinu og talsvert meiri en í flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins hefur dregið úr fólksfjölguninni frá því á metárinu 2004 en íbúum Hveragerðis fjölga enn stöðugt.

Ár	Fjöldi
2002	1886
2003	1887
2004	2021
2005	2089
2006	2189
2007	2257

Tafla 1. Íbúafjöldi í Hveragerði 2002-2007

Eins og sjá má í töflu 1 hefur íbúum Hveragerðis fjölgað um 371, eða um 16% á árunum 2002-2007.

Ár	Aldur		Samtals
	67-79 ára	80 ára +	
2002	160	63	223
2003	169	63	232
2004	179	80	259
2005	177	87	264
2006	200	99	299
2007	215	104	319

Tafla 2. Ellilífeyrisþegar í Hveragerðis á árunum 2002-2007.

Árið 2002 voru eldri borgarar 11% af íbúum Hveragerðis en árið 2007 eru þeir orðnir 14% af íbúum. Hlutfall 80 ára og eldri fer hækkandi í Hveragerði. Þeir voru 3% af íbúum árið 2002 en eru árið 2007 eru þeir 4%. Gera má ráð fyrir að öldruðum í Hveragerði muni fjölga örar en öðrum hópum. Samkvæmt nýjustu mannfjöldaspá Hagstofunnar 2007-2050 mun verða talsverð breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Öldruðum mun fjölga verulega. Árið 2050 verða 7,5% íbúa áttæðir eða eldri samanborið við 3,1% við upphaf spátímabilsins.

## **Stefna í málefnum aldraðra í Hveragerði**

Stefna í málefnum aldraðra í Hveragerði er gerð til fjögurra ára í senn og miðar að því að efla og styrkja þá þjónustu sem þegar er til staðar.

Í samræmi við lög um málefni aldraðra leggur Hveragerðisbær áherslu á að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi við fullt sjálfræði á eigin vegum, svo lengi sem hægt er, en að þeir eigi jafnframt vöð á nauðsynlegri stofnanþjónustu í heimabyggð eftir því sem við verður komið.

### ***Heimaþjónusta***

Hveragerðisbær vill veita einstaklingsmiðaða félagslega heimaþjónustu. Horft verði á styrkleika einstaklingsins og unnið út frá þeim. Hinn aldraði fái aðstoð við það sem hann getur ekki lengur framkvæmt.

- ❖ Þjónustan verði sniðin að þörfum hins aldraða og ekki einungis veitt á dagvinnutíma.
- ❖ Hveragerðisbær leggur metnað sinn í að starfsfólk sem sinnir félagslegri heimaþjónustu fái starfsþjálfun og fræðslu við hæfi.

Hveragerðisbær eigi frumkvæði að því að samþætta félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun með það að markmiði að efla gæði þjónustunnar.

- ❖ Leitast verði eftir samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands til að koma á samþættri þjónustu.
- ❖ Starfsmenn sem vinna við félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun verði með í að móta starfið frá upphafi.
- ❖ Verkpættir þjónstuaðila verði skýrir og sameiginlegir verkpættir skilgreindir sérstaklega.

Hveragerðisbær stuðli að því að öldruðum verði veittar upplýsingar og fræðsla um heilsufar, lífshætti og þjónustu sem þeim stendur til boða.

- ❖ Hveragerðisbær komi á heilsueflandi heimsóknnum í samvinnu við heilsugæslustöð Hveragerðis til allra eldri borgara sem náð hafa 80 ára aldri

og njóta ekki heimaþjónustu. Stefnt er að því á næstu fjórum árum að lækka viðmiðið í 75 ár.

## ***Húsnæðismál***

Hveragerðisbær þarf að leggja áherslu á fjölbreytt úrræði í húsnæðismálum aldraðra svo þeir geti búið sem lengst á eigin heimili. Taka þarf mið af ólíkum fjárhagslegum, félagslegum og heilsufarslegum þörfum og aðstæðum aldraðra.

- ❖ Gert verði ráð fyrir íbúðum fyrir aldraða í skipulagi bæjarins, hvort sem þær eru byggðar af bæjarfélagi eða félagasamtökum.
- ❖ Æskilegt er að gert sé ráð fyrir þjónustukjarna í nálægð við íbúðir fyrir aldraða.
- ❖ Gerð verði úttekt á húsnæðisþörf eldri borgara í Hveragerði þar sem niðurstöður liggi fyrir árið 2009.

## ***Stofnanþjónusta***

Hveragerðisbær stuðli að því að eldri borgarar fái nauðsynlega stofnanþjónustu í heimabyggð með það að markmiði að hinn aldraði geti búið lengur heima.

- ❖ Tryggja þarf eldri borgurum sem búa heima aðgang að dagdvalarrýmum.
- ❖ Mikilvægt er að úrræði til hvíldarinnlagna sé í boði þar sem virk endurhæfing fer fram.
- ❖ Hveragerðisbær komi að viðræðum og leggi lóð sitt á vogaskálarnar til að fjölga megi hjúkrunarrýmum í Hveragerði.

## ***Samstarf við frjáls félagasamtök og aðrar stofnanir***

Hveragerðisbær hafi frumkvæði að því að koma á samvinnu milli eldri borgara og ýmissa félagasamtaka og/eða stofnana.

- ❖ Komið verði á samstarfi milli félags eldri borgara og skóla sem miðaði að því að brúa kynslóðabilið.
- ❖ Stuðlað verði að samstarfi eldri borgara við kirkju, Rauða krossinn og annarra félagasamtaka.

## ***Þátttaka og virkni***

Hveragerðisbær telur mikilvægt að stuðla að aukinni þátttöku og frumkvæði aldraðra í ákvörðunum og breytingum sem snerta hag þeirra sjálfra. Aldraðir eiga að hafa eins mikil áhrif á eigið líf og mögulegt er.

- ❖ Félag eldri borgara haldi áfram að fá fjárhagslegan stuðning frá Hveragerðisbæ til að sjá um rekstur félags- og tómstundastarf eldri borgara.
- ❖ Leitað verði áhlits eldri borgara í öllum meiriháttar ákvörðunum Hveragerðisbæjar sem varðar málefni þeirra.

Samþykkt í bæjarstjórn 29. apríl 2009.